

Leiðrétting á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 158 frá 30. apríl 2004)

Reglugerð (EB) nr. 850/2004 verði svohljóðandi:

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 850/2004

2009/EES/37/23

frá 29. apríl 2004

um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAVA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð þessi varðar fyrst og fremst umhverfisvernd og heilsuvernd manna. Lagagrundvöllur hennar er því 1. mgr. 175. gr. sáttmálans.

2) Hjá Bandalaginu hafa menn þungar áhyggjur af stöðugri losun þrávirkra, lífrænna mengunarefna út í umhverfið. Þessi efni eru flutt landa á milli langt frá upptökum sínum og eru þrávirk í umhverfinu, safnast upp í fæðuvefnum og skapa áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið. Því verður að grípa til frekari ráðstafana til að vernda heilbrigði manna og umhverfið gegn þessum mengunarefnum.

3) Með þá skyldu sína að leiðarljósi að vernda umhverfið undirritaði Bandalagið 24. júní 1998 bókun um þrávirk, lífræn mengunarefni við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, hér á eftir nefnd „bókunin“, og 22. maí 2001 Stokkhólmssamninginn um þrávirk lífræn mengunarefni, hér á eftir nefndur „samningurinn“.

4) Sett hefur verið löggjöf á vettvangi Bandalagsins um þrávirk, lífræn mengunarefni en helstu annmarkar hennar er skortur á löggjöf eða einungis ófullkomin löggjöf um bann við framleiðslu og notkun þeirra íðefna sem nú eru skráð og að hvorki er mögulegt að bæta þrávirkum, lífrænum mengunarefnum í skrána yfir íðefni, sem á að banna, takmarka eða eyða, né að koma í veg fyrir framleiðslu og notkun nýrra íðefna sem sýna einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna. Á vettvangi Bandalagsins hafa ekki verið sett nein eiginleg markmið um að draga úr losun og nógildandi losunarskrár ná ekki yfir öll upptök þrávirkra, lífrænna mengunarefna.

5) Til að tryggja samfellda og skilvirka framkvæmd á skuldbindingum Bandalagsins samkvæmt bókuninni og samningnum þarf að koma á sameiginlegum lagamma utan um ráðstafanir sem einkum eru sniðnar til að stöðva framleiðslu, setningu á markað og notkun þrávirkra, lífrænna mengunarefna sem eru framleidd af ásetningu. Enn fremur skal taka tillit til eiginleika þrávirkra, lífrænna mengunarefna innan viðeigandi ramma Bandalagsins varðandi mat og fyrirkomulag leyfisveitinga.

6) Tryggja skal samræmingu og samfellu á vettvangi Bandalagsins við framkvæmd ákvæða Rotterdam-,⁽³⁾ Stokkhólms- og Baselsamninganna⁽⁴⁾ og þegar Bandalagið tekur þátt í þróun alþjóðlegrar stefnu um meðferð íðefna (SAICM) innan ramma Sameinuðu þjóðanna.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 229, 29.6.2004, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 9, 21.2.2008, bls. 21.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 32, 5.2.2004, bls. 45.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 26. febrúar 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 26. apríl 2004.

⁽³⁾ Samningur um fyrir fram upplýst samþykki fyrir tilteknum hættulegum efnum og varnarefnum í alþjóðaviðskiptum.

⁽⁴⁾ Samningurinn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra.

- 7) Enn fremur er rétt í ákveðnum tilvikum að kveða á um strangari eftirlitsráðstafanir en þær sem kveðið er á um í bókuninni og samningnum, að teknu tilliti til þess að ákvæði þessarar reglugerðar byggjast á varúðarreglunni í sáttmálanum og með tilliti til 15. meginreglu Ríó-yfirlýsingarinnar um umhverfið og þróun og þess að stefnt er að því að stöðva losun þrávirkra, lífrænna mengunarefna út í umhverfið ef það er gerlegt.
- 8) Fyrirhuguð efnareglugerð (REACH) gæti í framtíðinni orðið viðeigandi tæki til að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum eftirlitsráðstöfunum varðandi framleiðslu, setningu á markað og notkun skráðra efna og eftirlitsráðstöfunum varðandi fyrirliggjandi og ný íðefni og varnarefni sem sýna einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna. Með fyrirvara um væntanlega efnareglugerð og þar eð mikilvægt er að hrinda þessum eftirlitsráðstöfunum varðandi skráðu efni í bókuninni og samningnum í framkvæmd eins fljótt og auðið er skulu ráðstafanirnar þó koma til framkvæmda fyrst um sinn með þessari reglugerð.
- 9) Í Bandalaginu hefur setningu flestra þrávirkra, lífrænna mengunarefna, sem skráð eru í bókuninni eða samningnum, á markað og notkun þeirra þegar verið stöðvuð vegna bannsins sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 79/117/EBE frá 21. desember 1978 um bann við markaðssetningu og notkun plöntuvarnarefna sem innihalda tiltekin virk efni⁽¹⁾ og tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna⁽²⁾. Til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins samkvæmt bókuninni og samningnum og til að lágmarka losun þrávirkra, lífrænna, mengunarefna er þó einnig nauðsynlegt og viðeigandi að banna framleiðslu efnanna og halda undanþágum í lágmarki svo að undanþágum verði því aðeins beitt að efni gegni grundvallarhlutverki við tiltekna notkun.
- 10) Útflutningur efnanna, sem falla undir samninginn, og útflutningur lindans heyrir undir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 304/2003 frá 28. janúar 2003 um inn- og útflutning hættulegra efna⁽³⁾.
- 11) Framleiðsla og notkun hexaklórsýklóhexans (HCH), þ.m.t. lindan, sætir takmörkunum samkvæmt bókuninni en er ekki algerlega bönnuð. Efnið er enn notað í sumum aðildarríkjum og því er ekki hægt að banna alla yfirstandandi notkun tafarlaust. Með tilliti til skaðlegra eiginleika hexaklórsýklóhexans og hugsanlegrar áhættu varðandi losun þess út í umhverfið ber að halda framleiðslu þess og notkun í lágmarki og að lokum stöðva hana alveg eigi síðar en í lok ársins 2007.
- 12) Varabirgðir þrávirkra, lífrænna mengunarefna, sem eru orðnar úreltar eða eru meðhöndlaðar af gáleysi, kunna að stefna umhverfinu og heilbrigði manna í stórhættu, t.d. með því að menga jarðveg og grunnvatn. Því er viðeigandi að samþykkja ákvæði sem ganga lengra en ákvæðin sem mælt er fyrir um í samningnum. Varabirgðir bannaðra efna skulu meðhöndlaðar sem úrgangur en varabirgðir efna, sem enn er leyft að framleiða eða nota, skulu tilkynntar yfirvöldum og hafðar undir viðeigandi eftirliti. Einkum skulu fyrirliggjandi varabirgðir, sem samanstanda af eða innihalda bönnuð, þrávirk, lífræn mengunarefni, meðhöndlaðar sem úrgangur eins fljótt og unnt er. Ef önnur efni verða bönnuð í framtíðinni skal einnig eyða birgðum þeirra án tafar og ekki skal safna nýjum varabirgðum. Vegna sérstakra vandamála tiltekinna nýrra aðildarríkja skal veita nægilega fjárhagslega og tæknilega aðstoð með milligöngu núverandi fjármálastofnana Bandalagsins, s.s. samstöðusjóðsins og þróunarsjóðsins.
- 13) Í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun Bandalagsins varðandi díoxín, fúrön og fjölkloruð bifényl (PCB-efni)⁽⁴⁾ og í samræmi við bókunina og samninginn skal tilgreina losun þrávirkra, lífrænna mengunarefna sem eru, án ásetnings, aukaafurðir iðnaðarvinnslu og draga úr losuninni sem fyrst með það að lokatakmarki að stöðva hana alveg ef það er gerlegt. Semja skal viðeigandi aðgerðaráætlanir í hverju landi um sig, sem ná yfir öll upptök og ráðstafanir, einnig þær sem kveðið er á um í gildandi löggjöf Bandalagsins, og koma þeim í framkvæmd til að draga úr losun að staðaldri og með kostnaðarhagkvæmni eins fljótt og unnt er. Heppileg tæki skulu þróuð í þessu skyni innan ramma samningsins.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 33, 8.2.1979, bls. 36. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 807/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 36).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/21/EB (Stjtið. ESB L 57, 25.2.2004, bls. 4).

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 63, 6.3.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 775/2004 (Stjtið. ESB L 123, 27.4.2004, bls. 27).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 322, 17.11.2001, bls. 2.

- 14) Í samræmi við orðsendinguna skal koma á fót viðeigandi áætlunum og kerfum í því skyni að afla fullnægjandi vöktunargagna um tilvist díoxína, fúrana og PCB-efna (fjölklóraðra bifényla) í umhverfinu. Þó er nauðsynlegt að sjá til þess að heppileg tæki séu tiltæk og hægt sé að nota þau við skilyrði sem eru fjárhagslega og tæknilega hagkvæm.
- 15) Samkvæmt samningnum ber að eyða þrávirkum, lífrænum mengunarefnum í úrgangi eða ummynda þau á óafturtækan hátt í efni sem hafa ekki svipaða eiginleika nema aðrar aðgerðir séu ákjósanlegri með tilliti til umhverfisins. Þar eð gildandi löggjöf Bandalagsins um úrgang mælir ekki fyrir um sértækar reglur um þessi efni skal mælt fyrir um þær í þessari reglugerð. Til að tryggja öflugna vernd skal setja sameiginleg styrkleikamörk fyrir efni í úrgangi fyrir 31. desember 2005.
- 16) Viðurkennt er mikilvægi þess að úrgangur, sem er úr, inniheldur eða er mengaður af þrávirkum, lífrænum mengunarefnum, verði greindur eða flokkaður þar sem upptök hans eru til að sem minnst hætta sé á að þessi iðefni berist í annan úrgang. Í tilskipun ráðsins 91/689/EBE frá 12. desember 1991 um hættulegan úrgang⁽¹⁾ voru settar Bandalagsreglur um meðhöndlun hættulegs úrgangs sem skuldbundu aðildarríkin til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að krefjast þess að starfsstöðvar og fyrirtæki, sem annast förgun, nýtingu, söfnun eða flutninga á hættulegum úrgangi, blandi hvorki saman ólíkum flokkum hættulegs úrgangs né blandi hættulegum úrgangi saman við hættulausan úrgang.
- 17) Í samningnum er kveðið á um að hver samningsaðili um sig geri áætlun um að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Aðildarríkin skulu gera almenningi kleift að taka þátt í gerð framkvæmdaáætlana þeirra. Þar eð Bandalagið og aðildarríkin deila valdheimildum í þessu tilliti skal gerð framkvæmdaáætlana fara fram bæði á innlendum vettvangi og á vettvangi Bandalagsins. Stuðlað skal að samvinnu og skiptum á upplýsingum milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna.
- 18) Í samræmi við samninginn og bókunina skal veita öðrum samningsaðilum upplýsingar um þrávirk, lífræn mengunarefni. Einnig skal stuðla að því að skipst verði á upplýsingum við þriðju lönd sem eru ekki aðilar að þessum samningum.
- 19) Oft skortir á vitund almennings um þær hættur sem heilbrigði núverandi og komandi kynslóða og umhverfinu stafar af þrávirkum, lífrænum mengunarefnum, einkum í þróunarlöndunum, og því er þörf á viðtækum upplýsingum í þeim tilgangi að auka varúð og afla stuðnings við takmarkanir og bönn. Í samræmi við samninginn skal hvatt til og stuðlað að gerð áætlana um að auka vitund almennings um þessi efni, einkum fyrir viðkvæmstu hópana, auk menntunar almenns starfsfólks, vísindamanna, kennara og tæknimenntaðs starfsliðs og stjórnenda, eftir því sem við á.
- 20) Að fenginni beiðni og innan marka þeirra úrræða sem tiltæk eru skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vinna saman að því að veita viðeigandi og tímabæra tækniástoð sem er sérstaklega ætluð til að styrkja burði þróunarlandanna og landa með umbreytingarhagkerfi til að hrinda samningnum í framkvæmd. Tækniástoð skal m.a. felast í þróun og gerð heppilegra staðgönguafurða, -aðferða og -úrræða sem komi m.a. í stað notkunar DDT við smitvarnir en samkvæmt samningnum má einungis nota DDT í samræmi við tilmæli og viðmiðunarreglur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og þegar viðkomandi land á ekki kost á viðeigandi staðgönguefnum sem eru örugg fyrir viðkomandi stað, skilvirk og á viðráðanlegu verði.
- 21) Meta skal reglulega árangur þeirra ráðstafana sem gerðar eru til að minnka losun þrávirkra, lífrænna mengunarefna. Því skulu aðildarríkin gefa framkvæmdastjórninni skýrslu reglulega, einkum að því er varðar losunarskrár, tilkynntar varabirgðir og framleiðslu efna sem eru háð takmörkunum og setningu þeirra á markað. Framkvæmdastjórnin skal þróa sameiginlegt snið fyrir skýrslur aðildarríkjanna í samvinnu við aðildarríkin.
- 22) Samkvæmt samningnum og bókuninni geta samningsaðilarnir lagt til alþjóðlegar aðgerðir gagnvart öðrum efnun og af þeim sökum geta efni bæst við skrána samkvæmt þessum samningnum og skal þá breyta reglugerðinni í samræmi við það. Enn fremur skal vera hægt að breyta fyrirliggjandi færslum í viðaukum við þessa reglugerð, m.a. í þeim tilgangi að aðlaga þær framförum í vísindum og tækni.
- 23) Ef viðaukum við þessa reglugerð er breytt vegna þess að þrávirku, lífrænu mengunarefni, sem er framleitt af ásetningi, hefur verið bætt í skrána í bókuninni eða samningnum skal einungis, í undantekningartilfellum og ef það er tilhlýðilega rökstutt, skrá efnið í II. viðauka í stað I. viðauka.

(¹) Stjtið. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 94/31/EB (Stjtið. EB L 168, 2.7.1994, bls. 28).

- 24) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessarar reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvæðin ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 25) Til að tryggja gagnsæi, hlutleysi og samkvæmni við fullnustuaðgerðir skulu aðildarríkin mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og tryggja að þeim sé framfylgt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi þar eð brot geta leitt til skaða á heilbrigði manna og umhverfinu. Upplýsingar um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar skulu gerðar opinberar eftir því sem við á.
- 26) Þar eð einstök aðildarríki geta ekki náð til fulls markmiðunum með þessari reglugerð, þ.e. að vernda umhverfið og heilbrigði manna gegn þrávirkum, lífrænum mengunarefnum, vegna þess að mengunarefni hafa áhrif yfir landamæri og markmiðin nást því frekar á vettvangi Bandalagsins getur Bandalagið samþykkt ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.
- 27) Fella ber tilskipun 79/117/EB úr gildi í ljósi þess sem að framan greinir.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari reglugerð, einkum með tilliti til varúðarreglunnar, er að vernda heilbrigði manna og umhverfið gegn þrávirkum, lífrænum mengunarefnum með því að banna, stöðva sem fyrst eða takmarka framleiðslu, setningu á markað og notkun á efnunum, sem heyra undir Stokkhólmssamninginn um þrávirk, lífræn mengunarefni, hér á eftir nefndur „samningurinn“, eða undir bókunina frá 1998 um þrávirk, lífræn mengunarefni sem gerð var við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa, hér á eftir nefnd „bókunin“, auk þess að lágmarka losun slíkra efna í því skyni

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

að stöðva hana sem fyrst, ef það er gerlegt á annað borð, og með því að setja ákvæði sem varða úrgang sem er úr þessum efnunum, inniheldur þau eða er mengaður af þeim.

2. Ákvæði 3. gr. og 4. gr. gilda ekki um úrgang sem er úr, inniheldur eða er mengaður af hverju því efni sem er tilgreint í I. viðauka eða II. viðauka.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „setning á markað“: það að afgreiða eða bjóða fram vöru til þriðja aðila gegn greiðslu eða án endurgjalds. Innflutningur inn á tollsvæði Bandalagsins telst einnig setning á markað.
- b) „Hlutur“: gripur sem gerður er úr einu eða fleiri efnunum og/eða efnablöndum og fær í framleiðsluferlinu sérstaka lögun, áferð eða útlit sem ræður meiru um endanlegt hlutverk hans en efnafræðileg samsetning hans gerir.
- c) „Efni“: efni eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar ráðsins 67/548/EBE ⁽²⁾.
- d) „Efnablanda“: efnablanda eins og hún er skilgreind í 2. gr. tilskipunar 67/548/EBE.
- e) „Úrgangur“: úrgangur eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE ⁽³⁾.
- f) „Förgun“: förgun eins og hún er skilgreind í e-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE.
- g) „Nýting“: samkvæmt skilgreiningu í f-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE.

3. gr.

Framleiðslufirtlit, setning á markað og notkun

1. Banna skal framleiðslu, setningu á markað og notkun á efnunum sem eru skráð í I. viðauka, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndu eða innihaldsefni í hlut.

2. Takmarka skal framleiðslu, setningu á markað og notkun á efnunum sem eru skráð í II. viðauka, hvort sem þau eru ein sér, í efnablöndu eða innihaldsefni í hlut, í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í þeim viðauka.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtið. EB 196, 16.8.1967, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 807/2003.

⁽³⁾ Tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang (Stjtið. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39). Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu, innan ramma mats- og leyfisveitingarkerfa fyrir fyrirliggjandi efni, ný efni og varnarefni samkvæmt viðeigandi lögjögum Bandalagsins, taka tillit til þeirra viðmiðana, sem settar eru fram í 1. lið í viðauka D við samninginn, og gera viðeigandi ráðstafanir til að hafa eftirlit með fyrirliggjandi iðefnum og varnarefnum og koma í veg fyrir framleiðslu, setningu á markað og notkun nýrra iðefna og varnarefna sem sýna einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna.

4. gr.

Undanþágur frá eftirlitsráðstöfunum

Ákvæði 3. gr. gilda ekki þegar um er að ræða:

- a) efni sem eru notuð til rannsókna á rannsóknarstofu eða sem viðmiðunarstaðall,
- b) efni sem koma fyrir sem óviljandi snefilaðskotaefni í efnum, efnablöndum eða hlutum.

2. Ákvæði 3. gr. gilda ekki fyrr en sex mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar að því er varðar efni sem koma fyrir sem innihaldsefni í hlutum sem eru framleiddir fyrir eða á gildistöku daginn.

Ákvæði 3. gr. gilda ekki þegar um er að ræða efni sem koma fyrir sem innihaldsefni í hlutum sem eru þegar í notkun fyrir eða á gildistöku degi þessarar reglugerðar.

Þó ber aðildarríki, sem fær vitneskju um hluti sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, að tilkynna framkvæmdastjórninni það á tafar.

Þegar framkvæmdastjórninni er tilkynnt um slíka hluti eða fær að vita um þá á annan hátt ber henni því, eftir því sem við á, að tilkynna það til skrifstofu samningsins án tafar.

3. Aðildarríki, sem vill leyfa að efni, sem er skráð í A-hluta I. viðauka eða í A-hluta II. viðauka, verði framleitt og notað staðbundið og í lokuðu kerfi sem milliefni þar til fresturinn, sem tilgreindur er í viðkomandi viðauka rennur út, ber að tilkynna það til skrifstofu samningsins.

Þó er slík tilkynning einungis heimil ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) athugasemd hefur verð gerð í viðeigandi viðauka þar sem skýrt kemur fram að heimilt sé að leyfa framleiðslu og notkun efnisins,

b) efnið er ummyndað í framleiðsluferlinu í eitt eða fleiri önnur efni sem sýna ekki einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna,

c) ekki er búist við því að menn eða umhverfið verði fyrir váhrifum af efninu í neinu umtalsverðu magni við framleiðslu þess og notkun, eins og fram kemur við mat á þessu lokaða kerfi í samræmi við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB⁽¹⁾.

Tilkynningin skal einnig send til hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar og skal innihalda nánari upplýsingar um raunverulega eða áætlaða heildarframleiðslu og -notkun viðkomandi efna og eðli staðbundna ferlisins í lokaða kerfinu auk þess að tilgreina magn hvers kyns óummyndaðrar og óviljandi snefilmengunar upphafsefnis þrávirkra, lífrænna mengunarefnisins í hinni endanlegu vöru.

Heimilt er að breyta frestunum sem um getur í fyrstu undirgrein ef gefið er ótvírætt eða þegjandi samþykki samkvæmt samningnum til áframhaldandi framleiðslu og notkunar efnisins annað tímabil, eftir að hlutaðeigandi aðildarríki hefur endurtekið tilkynningu sína til skrifstofu samningsins.

5. gr.

Varabirgðir

1. Handhafi varabirgða, sem eru úr efni eða innihalda efni, sem er skráð í I. eða II. viðauka og er ekki leyft til notkunar, skal meðhöndla varabirgðirnar sem úrgang og í samræmi við 7. gr.

2. Handhafi varabirgða, sem eru meira en 50 kg og eru úr efni eða innihalda efni, sem er skráð í I. eða II. viðauka og er leyft til notkunar, skal veita lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, þar sem varabirgðirnar eru geymdar, upplýsingar varðandi eðli og stærð varabirgðanna. Upplýsingarnar skulu veittar innan 12 mánaða frá gildistöku degi þessarar reglugerðar og breytinganna á I. og II. viðauka og síðan árlega þar til fresturinn, sem tilgreindur er fyrir takmarkaða notkun í I. og II. viðauka, er liðinn.

Handhafinn skal meðhöndla varabirgðirnar á öruggan, skilvirkan og vistvænan hátt.

3. Aðildarríkin skulu vakta notkun og meðhöndlun tilkynnta varabirgða.

⁽¹⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB frá 6. ágúst 2001 um tuttugustu og áttundu aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna (Stjtíð. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).

6. gr.

Leiðir til að draga úr losun, halda henni í lágmarki og stöðva hana

1. Innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin semja og viðhalda skráum yfir losun efnanna, sem skráð eru í III. viðauka, í loft, vatn eða jörð í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum og bókuninni.

2. Hvert aðildarríki sendir framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum, innan ramma innleðrar framkvæmdaáætlunar skv. 8. gr., aðgerðaráætlun sína sem er samin í samræmi við skuldbindingar þess samkvæmt samningnum og varðar ráðstafanir til að greina, lýsa og lágmarka heildarlosun með það í huga að stöðva losun sem fyrst ef það er gerlegt á annað borð.

Til þess að koma í veg fyrir myndun og losun efnanna, sem skráð eru í III. viðauka, skal aðgerðaráætlunin fela í sér ráðstafanir sem stuðla að þróun á staðgönguefnum, -framleiðsluvörum og -vinnsluáðferðum eða breyttum efnum, framleiðsluvörum og vinnsluáðferðum eða krefst, þar sem við á samkvæmt áætluninni, notkunar á þessum efnum, vörum eða vinnsluáðferðum.

3. Þegar aðildarríkin veга og meta tillögur um að byggja nýja starfsstöð eða gera verulegar breytingar á starfsstöð, sem fyrir er, þar sem notuð eru vinnsluferli sem losa efni, sem eru skráð í III viðauka, með fyrirvara um tilskipun ráðsins 1996/61/EB⁽¹⁾, skulu þau leggja aðaláherslu á að kanna aðra kosti fyrir vinnsluferli, aðferðir eða starfsvenjur sem koma að svipuðu gagni og þau sem fyrir eru en hafa ekki í för með sér myndun og losun efna sem skráð eru í III. viðauka.

7. gr.

Meðhöndlun úrgangs

1. Framleiðendur og handhafar úrgangs skulu kosta kapps um að koma í veg fyrir mengun þessa úrgangs, ef það er gerlegt, með efnum sem eru skráð í IV. viðauka.

2. Þrátt fyrir tilskipun 96/59/EB⁽²⁾ skal úrgangi, sem er úr, inniheldur eða er mengaður af efni, sem er skráð í IV. viðauka, fargað eða hann nýttur án óþarftrar tafar og í samræmi við 1. hluta V. viðauka, með þeim hætti að tryggt sé að þrávirkum, lífrænum efnum, sem hann inniheldur, sé eytt eða þau ummynduð á óafturkræfan hátt þannig að úrgangurinn, sem eftir er, og efnin, sem losna, sýni ekki lengur einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna.

Til að framkvæma slíka förgun eða nýtingu er heimilt að einangra sérhvert efni, sem er skráð í IV. viðauka, frá

úrganginum ef efninu er síðan eytt í samræmi við fyrstu undirgreinina.

3. Aðferðir við að farga og nýta, sem geta leitt til nýtingar, endurvinnslu, endurheimtar eða endurnotkunar efna sem skráð eru í IV. viðauka, skulu bannaðar.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr.:

a) er heimilt að farga eða nýta úrgang, sem inniheldur eða er mengaður af efni sem er skráð í IV. viðauka, á annan hátt í samræmi við viðkomandi löggjöf Bandalagsins ef innihald skráðu efnanna í úrganginum er fyrir neðan styrkleikamörkin sem skulu tilgreind í IV. viðauka fyrir 31. desember 2005, í samræmi við málmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr. Þar til styrkleikamörk hafa verið tilgreind í samræmi við slíka málsmeðferð er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt að samþykkja eða beita styrkleikamörkum eða sértekum tæknilegum kröfum að því er varðar förgun eða nýtingu úrgangs samkvæmt þessari undirgrein,

b) er aðildarríki eða lögbæru yfirvaldi, sem aðildarríkið tilnefni, heimilt, í undantekningartilfellum, að leyfa að úrgangur, sem er skráður í 2. hluta V. viðauka og inniheldur eða er mengaður af efnum, sem eru skráð í IV. viðauka, upp að styrkleikamörkum sem skulu tilgreind í 2. hluta V. viðauka, sé meðhöndlaður á annan hátt í samræmi við aðferð sem er skráð í 2. hluta V. viðauka, að því tilskildu:

i. að hlutaðeigandi handhafi hafi sýnt lögbæru yfirvaldi viðkomandi aðildarríkis fram á með fullnægjandi hætti að ekki hafi verið mögulegt að afmenga úrganginn, að því er varðar efnin sem eru skráð í IV. viðauka, og að eyðing eða óafturkræf ummyndun á innihaldi þrávirkra, lífrænna mengunarefna, framkvæmd í samræmi við bestu umhverfisvenjur eða bestu fánlegu tækni, sé ekki ákjósanlegasta aðgerðin með tilliti til umhverfisins og lögbær yfirvöld hafi þar af leiðandi leyft aðra aðgerð,

ii. að þessi aðgerð sé í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins og skilyrðin sem mælt er fyrir um í viðeigandi viðbótarráðstöfunum sem um getur í 6. mgr. og

iii. að hlutaðeigandi aðildarríki hafi tilkynnt hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um leyfið og um rökstuðninginn fyrir því.

⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 96/61/EB frá 24. september 1996 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (Stjtið. EB L 257, 10.10.1996, bls. 26. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽²⁾ Tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjöklóraðra bifnýla og fjöklóraðra terfenýla (PCB/PCT) (Stjtið. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31).

5. Ákveða skal styrkleikamörkin í 2. hluta V. viðauka fyrir 31. desember 2005 að því er varðar b-lið 4. mgr. og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

Þar til þessi styrkleikamörk hafa verið ákveðin:

a) er lögbæru yfirvaldi heimilt að samþykkja eða beita styrkleikamörkum eða sértækum, tæknilegum kröfum að því er varðar úrgang sem er meðhöndlaður skv. b-lið 4. mgr.,

b) skulu hlutaðeigandi handhafar veita lögbæru yfirvaldi upplýsingar um innihald úrgangs þrávirkra, lífrænna mengunarefna ef úrgangurinn er meðhöndlaður skv. b-lið 4. mgr.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt, eftir því sem við á, að samþykkja viðbótarráðstafanir í tengslum við framkvæmd þessarar greinar, að teknu tilliti til tækniþróunar og viðeigandi alþjóðlegra viðmiðunarreglna og ákvarðana og leyfa sem aðildarríki eða lögbært yfirvald, sem aðildarríkið tilnefnir í samræmi við 4. gr. og V. viðauka, hefur veitt. Slíkar ráðstafanir eru ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 17. gr.

7. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða undanþágurnar í 4. mgr. fyrir 31. desember 2009 í ljósi alþjóðlegrar þróunar og tækniþróunar, einkum hvort þær eru ákjósanlegar með tilliti til umhverfisins.

8. gr.

Framkvæmdaáætlanir.

1. Þegar aðildarríki undirbúa landsbundnar framkvæmdaáætlanir sínar skulu þau, í samræmi við málsmeðferð í hverju ríki um sig, gefa almenningi raunhæfan möguleika snemma í ferlinu á að taka þátt í því.

2. Um leið og aðildarríki hefur samþykkt landsbundna framkvæmdaáætlun sína í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum skal það senda hana bæði til framkvæmdastjórnarinnar og hinna aðildarríkjanna.

3. Þegar framkvæmdastjórnin og aðildarríkin undirbúa framkvæmdaáætlanir sínar skulu þau skiptast á upplýsingum um efni þeirra, eftir því sem við á.

4. Framkvæmdastjórnin skal semja áætlun um framkvæmd skuldbindinga Bandalagsins samkvæmt samningnum innan tveggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar.

Um leið og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framkvæmdaáætlun Bandalagsins skal hún senda hana til aðildarríkjanna.

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða og uppfæra framkvæmdaáætlun Bandalagsins eftir því sem við á.

9. gr.

Vöktun

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu, í náinni samvinnu, koma á fót viðeigandi áætlunum og kerfum sem eru í samræmi við bestu, fánlegu tækni, til að unnt verði að leggja reglulega fram samanburðarhæf vöktunargögn um viðurvist dioxína, fúrana og PCB-efna í umhverfinu, eins og tilgreint er í III. viðauka. Þegar slíkar áætlanir og kerfi eru innleidd skal taka tilhlýðilegt tillit til þróunar samkvæmt bókuninni og samningnum.

10. gr.

Upplýsingaskipti

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu auðvelda og annast viðeigandi skipti innan Bandalagsins og við þriðju ríki á upplýsingum er varða það að draga úr, lágmarka eða stöðva, ef það er gerlegt, framleiðslu, notkun og losun þrávirkra, lífrænna mengunarefna og varða efni sem geta komið í staðinn fyrir þessi efni og þar sem tilgreind er áhætta, efnahagslegur kostnaður og þjóðfélagslegur kostnaður sem tengist slíkum staðgönguefnum.

2. Að því er varðar þrávirk, lífræn mengunarefni skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin, eftir því sem við á, hvetja til og stuðla að:

a) framkvæmd áætlana um að auka vitund, m.a. um áhrif mengunarefnanna á heilsu og umhverfið og um staðgönguefni þeirra og einnig um að draga úr eða stöðva framleiðslu þeirra, notkun og losun, en áætlanirnar beinast einkum að:

i. þeim sem hafa áhrif á stefnumótun og þeim sem taka ákvarðanir,

ii. sérstaklega viðkvæmum hópum,

b) upplýsingum til almennings,

c) menntun almenns starfsfólks, vísindamanna, kennara og tæknimenntaðs starfsliðs og stjórnenda.

3. Með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál⁽¹⁾ skulu upplýsingar um heilbrigði og öryggi manna og um umhverfið ekki teljast til trúnaðarmála. Framkvæmdastjórnin og þau aðildarríki sem skiptast á öðrum upplýsingum við þriðja land skulu vernda trúnaðarupplýsingar samkvæmt gagnkvæmu samkomulagi.

11. gr.

Tækniaðstoð

Í samræmi við 12. gr. og 13. gr. samningsins skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vinna saman að því að veita þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi viðeigandi og tímanlega tækni- og fjárhagsaðstoð, að fenginni beiðni og innan marka tiltækra úrræða og með hliðsjón af sérstökum þörfum þeirra, til að aðstoða þau við að þróa og efla getu sína til að framkvæma til fulls skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Slíkum stuðningi má einnig beina í ákveðinn farveg í gegnum frjáls félagasamtök.

12. gr.

Skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu, á þriggja ára fresti, senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. upplýsingar um brot og viðurlög.

2. Aðildarríkin skulu árlega veita framkvæmdastjórninni tölfraðilegar upplýsingar um raunverulegt eða áætlað heildarmagn, sem er framleitt eða sett á markað, af efnunum sem eru skráð í I. eða II. viðauka.

3. Innan þriggja ára frá gildistöku þessarar reglugerðar og á þriggja ára fresti eftir það skulu aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té:

- samantekt upplýsinga úr tilkynningum um varabirgðir sem tekið er við skv. 2. mgr. 5. gr.,
- samantekt upplýsinga úr losunarskrám sem teknar eru saman skv. 1. mgr. 6. gr.,
- samantekt upplýsinga skv. 9. gr. um viðurvist díoxíns, fúrana og PCB-efna í umhverfinu, eins og tilgreint er í III. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin útbýr fyrir fram sameiginlegt snið, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr., að því er varðar gögn og upplýsingar sem aðildarríki láta í té skv. 1., 2. og 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal, með tilteknu millibili sem skal ákvarðað á ráðstefnu aðila að samningnum, taka saman skýrslu varðandi efni, sem eru skráð í samninginn, á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin veita í samræmi við 2. mgr. og senda skýrsluna til skrifstofu samningsins.

6. Þriðja hvert ár skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar og samþætta þá skýrslu og upplýsingar sem hafa þegar verið lagðar fram í evrópskri skrá yfir losun mengandi efna (EPER), sem stofnuð var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EB⁽²⁾, og í grunnskránni um losun í loft (CORINAIR) samkvæmt Evrópuáætlun um vöktun og mat (EMEP) (samstarfsáætlun um vöktun og mat á loftmengunarefnum sem berast langar leiðir í Evrópu), auk upplýsinga sem aðildarríkin veita skv. 1., 2. og 3. mgr., í eina samantektarskýrslu. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um notkun undanþágna eins og um getur í 4. mgr. 7. gr. Framkvæmdastjórnin skal senda útdrátt úr samantektarskýrslunni til Evrópuþingsins og ráðsins og gera hana aðgengilega almenningi án tafar.

13. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessarar reglugerðar og skulu tilkynna án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

14. gr.

Breyting á viðaukum

1. Ef efni er skráð í samninginn eða bókunina skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, breyta I.-III. viðauka til samræmis við það, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr. Ef efni er skráð í samninginn eða bókunina skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, breyta IV. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja breytingar á gildandi færslum í I.-III. viðauka, þ.m.t. aðlögun þeirra að vísindalegum og tæknilegum framförum, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 16. gr.

⁽²⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EB frá 17. júlí 2000 um að taka upp evrópska skrá yfir losun mengandi efna (EPER) í samræmi við 15. gr. tilskipunar ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun (IPPC) (Stjtið. EB L 192, 28.7. 2000, bls. 36).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja breytingar á gildandi færslum í IV. viðauka og breytingar á V. viðauka, þ.m.t. aðlögun þeirra að vísindalegum og tæknilegum framförum, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

15. gr.

Lögbær yfirvöld

Hvert aðildarríki skal tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld sem beri ábyrgð á stjórnunarlegum verkefnum sem leiðir af þessari reglugerð. Aðildarríkið skal upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka tilnefningu í síðasta lagi þremur mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

16. gr.

Nefnd um almenn mál

1. Nefndin, sem komið var á fót skv. 29 gr. tilskipunar 67/548/EBE, skal aðstoða framkvæmdastjórnina í öllum málum samkvæmt þessari reglugerð, að undanskildum málum sem tengjast úrgangi.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

17. gr.

Nefnd um mál sem tengjast úrgangi

1. Nefndin, sem komið var á fót skv. 18 gr. tilskipunar 75/442/EBE, skal aðstoða framkvæmdastjórnina í málum sem tengjast úrgangi samkvæmt þessari reglugerð.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

18. gr.

Breytingar á tilskipun 79/117/EBE

Í B-hluta viðaukans við tilskipun 79/117/EBE falli niður liður 1 til 8, „Lífæra klórsambönd sem brotna hægt niður“.

19. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFNI SEM SETT ER BANN Á

A-hluti — Efni sem eru skráð í samninginn og bókunina

EFNI	CAS-nr.	EB-nr.	SÉRSTÖK UNÐANÞÁGA VARÐANDI NOTKUN EFNIS SEM MILLIEFNIS EÐA AÐRAR ATHUGASEMDIR
Aldrin	309-00-2	206-215-8	-
Klórdan	57-74-9	200-349-0	-
Díeldrín	60-57-1	200-484-5	-
Endrín	72-20-8	200-775-7	-
Heptaklór	76-44-8	200-962-3	-
Hexaklórbenzen	118-74-1	200-273-9	-
Mírex	2385-85-5	219-196-6	-
Toxafen	8001-35-2	232-283-3	-
Fjölklóruð bifényl (PCB)	1336-36-3 og önnur	215-648-1 og önnur	Með fyrirvara um tilskipun 96/59/EB er heimilt að nota hluti sem eru þegar í notkun þegar þessi reglugerð öðlast gildi.
DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klór-fenýl)etan)	50-29-3	200-024-3	Aðildarríkin mega leyfa framleiðslu og notkun, sem þegar er til staðar, á DDT sem staðbundins milliefnis í lokuðu kerfi fyrir framleiðslu á dífókóli fram til 1. janúar 2014, í samræmi við 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa undanþágu fyrir 31. desember 2008 í ljósi niðurstöðu matsins innan ramma tilskipunar 91/414/EBE ¹⁸ .

(¹) Tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna (Stjtið. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1).

B-hluti — Efni sem eru einungis skráð í bókunina

EFNI	CAS-nr.	EB-nr.	SÉRSTÖK UNÐANÞÁGA VARDANDI NOTKUN EFNIS SEM MILLIEFNIS EÐA AÐRAR ATHUGASEMDIR
Klórdekón	143-50-0	205-601-3	—
Hexabrómbifenýl	36355-01-8	252-994-2	—
HCH (hexaklórsýklóhexan), þ.m.t. lindan	608-73-1, 58-89-9	210-168-9, 200-401-2	<p>Aðildarríkjum er heimilt að veita undanþágu fyrir eftirfarandi notkun:</p> <p>a) til 1. september 2006:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Fagleg meðhöndlun til endurbóta og iðnaðarmeðhöndlun á viði, timbri og trjábólum, — notkun innanhúss í iðnaði og á heimilum, <p>b) til 31. desember 2007:</p> <ul style="list-style-type: none"> — notkun tæknilegs hexaklórsýklóhexans (HCH) sem milliefnis í efnaframleiðslu, — notkun framleiðsluvara, þar sem a.m.k. 99% af hexaklórsýklóhexan-hverfum (isomer) er í gammaformi (lindan), er takmörkuð við staðbundna notkun sem skordýraeitur til að vernda heilbrigði manna og dýra.

II. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFNI SEM SÆTA TAKMÖRKUNUM

A-hluti — Efni sem eru skráð í samninginn og bókunina

EFNI	CAS-nr.	EB-nr.	TAKMARKANIR
—			

B-hluti — Efni sem eru einungis skráð í bókunina

EFNI	CAS-nr.	EB-nr.	TAKMARKANIR
—			

*III. VIÐAUKI***SKRÁ YFIR EFNI SEM FALLA UNDIR ÁKVÆÐI UM AÐ DRAGA ÚR LOSUN**

EFNI (CAS-nr.)

Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrón (PCDD og PCDF-efni)

Hexaklórbensen (HCB)(CAS-nr.: 118-74-1)

Fjölklóruð bifényl (PCB)

Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni (PAH) ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Að því er varðar skrár um losun skal nota eftirfarandi fjóra samsetta vísa: bensó(a)þýren, bensó(b)flúoranten, bensó(k)flúoranten og indenó(1,2,3-cd)þýren.

IV. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR EFNI SEM FALLA UNDIR ÁKVÆÐI 7. GR. UM MEÐHÖNDLUN ÚRGANGS

EFNI	CAS-nr.	EB-nr.	STYRKLEIKAMÖRK SEM UM GETUR Í A- LIÐ 4. MGR. 7. GR., ppm (milljónahlutar)
Aldrín	309-00-2	206-215-8	
Klórdan	57-74-9	200-349-0	
Díeldrín	60-57-1	200-484-5	
Endrín	72-20-8	200-775-7	
Heptaklór	76-44-8	200-962-3	
Hexaklórbensen	118-74-1	200-273-9	
Mírex	2385-85-5	219-196-6	
Toxafen	8001-35-2	232-283-3	
Fjöklóruð bifeníl (PCB-efni)	1336-36-3 og önnur	215-648-1	
DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klórfenýl)etan)	50-29-3	200-024-3	
Klórdekón	143-50-0	205-601-3	
Fjöklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrón (PCDD- og PCDF-efni)			
HCH, þ.m.t. lindan	608-73-1, 58-89-9	210-168-9, 200- 401-2	
Hexabrómbifeníl	36355-01-8	252-994-2	

V. VIÐAUKI

MEDHÖNDLUN ÚRGANGS

1. hluti. Förgun og nýting skv. 2. mgr. 7. gr.

Eftirfarandi förgunar- og nýtingaraðgerðir, eins og kveðið er á um í II. viðauka A og II. viðauka B í tilskipun 75/442/EBE, eru leyfðar að því er varðar 2. mgr. 7. gr. þegar þær eru notaðar á þann hátt að tryggt sé að innihaldi þrávirkra, lífrænna mengunarefna sé eytt eða það ummyndað á óafturkræfan hátt:

D9 eðlis- og efnafræðileg meðhöndlun,

D10 brennsla á landi og

R1 notkun aðallega sem eldsneyti eða á annan hátt til orkuframleiðslu nema úrgangur sem inniheldur PCB-efni.

Formeðhöndlun er heimil áður en eyðing eða óafturkræf ummyndun á sér stað samkvæmt þessum hluta þessa viðauka, að því tilskildu að efni, sem er skráð í IV. viðauka og er einangrað frá úrganginum meðan á formeðhöndlun stendur, sé síðan fargað í samræmi við þennan hluta þessa viðauka. Auk þess er umpökkun og geymsla til bráðabirgða heimil áður en slík formeðhöndlun fer fram og áður en eyðing og óafturkræf umbreyting fer fram samkvæmt þessum hluta þessa viðauka.

2. hluti. Úrgangur og aðgerðir sem falla undir b-lið 4. mgr. 7. gr.

Eftirfarandi aðgerðir eru heimilar að því er varðar b-lið 4. mgr. 7. gr. þegar um er að ræða tilgreindan úrgang sem er auðkenndur með sex tölustafa kóða samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB⁽¹⁾.

Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleika mörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka	Aðgerð
10	ÚRGANGUR FRÁ VARMAFERLUM		<p>Einungis varanleg geymsla:</p> <ul style="list-style-type: none"> — í öruggum berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar, — í saltnámmum eða — á urðunarstað fyrir hættulegan úrgang (að því tilskildu að úrganginum hafi verið breytt í fast efni eða hann stöðgaður, ef það er tæknilega gerlegt, eins og krafist er fyrir flokkun úrgangsins í undirkafla 19 03 í ákvörðun 2000/532/EB) <p>Fara skal eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 1999/31/EB⁽¹⁾ og ákvörðun ráðsins 2003/33/EB⁽²⁾ og sýnt skal hafa verið fram á að valin aðgerð sé sú ákjósanlegasta með tilliti til umhverfisins.</p>
10 01	Úrgangur frá orkuverum og öðrum brennsluverum (nema 19)		
10 01 14 (****)	Botnaska, gjall og ketilryk sem myndast við sambrennslu og í eru hættuleg efni		
10 01 16 (****)	Svifaska frá sambrennslu sem í eru hættuleg efni		
10 02	Úrgangur frá járn- og stáliðnaði		
10 02 07 (****)	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 03	Úrgangur frá álbræðslu		
10 03 04 (****)	Gjall sem fellur til við fyrstu bræðslu		
10 03 08 (****)	Saltgjall úr annarri bræðslu		
10 03 09 (****)	Svart gjall úr annarri bræðslu		
10 03 19 (****)	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		

(1) Ákvörðun 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang samkvæmt a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang skv. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtið. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3). Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun ráðsins 2001/573/EB (Stjtið. EB L 203, 28.7.2001, bls. 18).

	Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB	Hámarksstyrkleika mörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka	Aðgerð
10 03 21 (****)	Aðrar agnir og ryk (einnig ryk frá kúluvörn) sem í eru hættuleg efni		
10 03 29 (****)	Úrgangur frá meðferð saltgjalls og svarts gjalls sem í eru hættuleg efni		
10 04	Úrgangur frá blýbræðslu		
10 04 01 (****)	Gjall úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 04 02 (****)	Gjall og skúm úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 04 04 (****)	Ryk frá hreinsun reyks		
10 04 05 (****)	Aðrar agnir og ryk		
10 04 06 (****)	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 05	Úrgangur frá sinkbræðslu		
10 05 03 (****)	Ryk frá hreinsun reyks		
10 05 05 (****)	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 06	Úrgangur frá koparbræðslu		
10 06 03 (****)	Ryk frá hreinsun reyks		
10 06 06 (****)	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 08	Úrgangur frá málmbræðslu, annarri en járnbræðslu		
10 08 08 (****)	Saltgjall úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 08 15 (****)	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 09	Úrgangur frá járnsteypu		
10 09 09 (****)	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		

	Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB	Hámarksstyrkleika mörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka	Aðgerð
16	ÚRGANGUR SEM ER EKKI TILGREINDUR ANNARS STAÐAR Í SKRÁNNI		
16 11	Notaðar fóðringar og notuð eldföst efni		
16 11 01 (****)	Fóðringar og eldföst efni, að stofni til úr kolefnum, sem falla til við málmvinnslu og innihalda hættuleg efni		
16 11 03 (****)	Aðrar fóðringar og eldföst efni sem falla til við málmvinnslu og í eru hættuleg efni		
17	ÚRGANGUR FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRIFSTARFSEMI (EINNIG UPPGRÖFTUR FRÁ MENGUÐUM SVÆÐUM)		Einungis varanleg geymsla:
17 01	Steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramik		<ul style="list-style-type: none"> — í öruggum berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar, — í saltnámum eða
17 01 06 (****)	Blandaður eða flokkaður úrgangur úr steinsteypu, múrsteinum, flísum og keramik sem í eru hættuleg efni		<ul style="list-style-type: none"> — á urðunarstað fyrir hættulegan úrgang⁽³⁾ (að því tilskildu að úrganginum hafi verið breytt í fast efni eða hann stöðgaður, ef það er tæknilega gerlegt, eins og krafist er fyrir flokkun úrgangsins í undirkafla 19 03 í ákvörðun 2000/532/EB)
17 05	Jarðvegur (einnig uppgröftur frá menguðum svæðum), grjót og dýpkunarefni		Fara skal eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 1999/31/EB og ákvörðun ráðsins 2003/33/EB og sýnt skal hafa verið fram á að valin aðgerð sé sú ákjósanlegasta með tilliti til umhverfisins.
17 05 03 (****)	Ólífirænn hluti jarðvegs og grjóts sem í eru hættuleg efni		
17 09	Annar úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi		
17 09 02 (****)	Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem í eru PCB-efni, að undanskildum búnaði sem í eru PCB-efni		
17 09 03 (****)	Annar úrgangur, frá byggingar- og niðurrifsefni, sem í eru hættuleg efni		

	Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB	Hámarksstyrkleika mörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka	Aðgerð
19	ÚRGANGUR FRÁ SORPMEÐHÖNDLUNARSTÖÐVUM, SKÓLPHEREINSISTÖÐVUM UTAN FRAMLEIÐSLUSVÆÐIS OG VINNSLU NEYSLUVATNS OG VATNS TIL IÐNAÐARNOTA		Einungis varanleg geymsla: — í öruggum berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar, — í saltnámum eða — á urðunarstað fyrir hætulegan úrgang (að því tilskildu að úrganginum hafi verið breytt í fast efni eða hann stöðgaður, ef það er tæknilega gerlegt, eins og krafist er fyrir flokkun úrgangsins í undirkafla 19 03 í ákvörðun 2000/532/EB)
19 01	Úrgangur frá brennslu eða hitasundrun úrgangs		
19 01 07(****)	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
19 01 11(****)	Botnaska og gjall sem í eru hætuleg efni		Fara skal eftir ákvæðum tilskipunar ráðsins 1999/31/EB og ákvörðun ráðsins 2003/33/EB og sýnt skal hafa verið fram á að valin aðgerð sé sú ákjósanlegasta með tilliti til umhverfisins.
19 01 13(****)	Svifaska sem í eru hætuleg efni		
19 01 15(****)	Ketilryk sem í eru hætuleg efni		
19 04	Úrgangur ummyndaður í gler og úrgangur frá glermyndun		
19 04 02(****)	Svifaska og annar úrgangur frá hreinsun reyks		
19 04 03(****)	Fastur fasi, annar en ummyndaður í gler		

(¹) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1). Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

(²) Ákvörðun ráðsins 2003/33/EB frá 19. desember 2002 um að ákveða viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs á urðunarstöðum skv. 16. gr. og II. viðauka við tilskipun 1999/31/EB (Stjtið. EB L 11, 16.1.2003, bls 27).

(³) Nema þegar um er að ræða úrgang sem inniheldur eða er mengaður af PCB-efnum í styrk sem er meiri en 50 milljónarhlutar.

(****) Allur úrgangur, sem auðkenndur er með stjörnu (*), er talinn hætulegur úrgangur samkvæmt tilskipun 91/689/EEB um hætulegan úrgang og fellur undir ákvæði þeirrar tilskipunar.